

**3228. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
23. nóvember 2017 og hófst hann kl. 08:15**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1703096 - Fundargerðir 2017 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra

11. fundargerð starfshóps um stefnumótun aldraðra frá 19. október 2017.
12. fundargerð starfshóps um stefnumótun aldraðra frá 25. október 2017.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

2. 1711182 - Áskorun frá Félagi slökkviliðsmanna á Akranesi

Áskorun frá Félagi slökkviliðsmanna á Akranesi um ráðningu og nýliðun hjá slökkviliðinu.

Bæjarráð þakkar Félagi Slökkviliðsmanna á Akranesi fyrir erindið og tekur undir áhyggjur félagsins. Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið og leggja fyrir næsta fund ráðsins.

3. 1711102 - Bíohöllin - samningur 2018

Tillaga um framlengingu á samningi við Vini Hallarinnar um rekstur Bíohallarinnar á Akranesi.

Ingibjörg Pálmadóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir framlengingu á samningi um rekstur Bíohallarinnar á Akranesi í eitt ár eða frá 1. janúar til 31. desember 2018.

Samhliða er því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíohöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi.

4. 1708044 - Gjaldskrár skipulags- og umhverfissviðs (gatnagerðargjöld og fl.)

Bæjarráð tók fyrir tillögu sviðsstjóra um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda og tengigjald fráveitu á fundi sínum þann 16. nóvember síðastliðinn og frestaði afgreiðslu málsins þar til næsti fundur ráðsins yrði haldinn.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.



Bæjarráð þakkar sviðsstjóra fyrir yfirferð um helstu breytingar í gjaldskrá gatnagerðargjalda og tengigjalds fráveitu.

Bæjarráð samþykkir nýja gjaldskrá og vísar henni til afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness.

5. 1705133 - OR - eigendanefnd 2017

Fundarboð á eigendafund Orkuveitu Reykjavíkur sem fram fer þann 24. nóvember næstkomandi. Hjálögð er gögn fundarins.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri mætir fyrir hönd Akraneskaupstaðar á eigendafund Orkuveitu Reykjavíkur.

6. 1710227 - Húsnæðismál Orkuveitu Reykjavíkur

Eigendur Foss fasteignafélags, sem á húseignirnar á Bæjarhálsi 1, hafa samþykkt kauptilboð Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í félagið. Með því fær OR aftur forræði yfir húsunum þar sem meginstarfsemi fyrirtækisins er.

Bjarni Bjarnason forstjóri OR, Inga Dóra Hrólfssdóttir framkvæmdastjóri dótturfélaga og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri fjármála taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar Bjarna, Ingu Dóru og Ingvari fyrir greinargóða kynningu.

Bæjarráð samþykkir ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á húsnæðis þess við Bæjarháls 1.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.

Oleifur Valdimarsdóttir
Ingibjörg Valdimarsdóttir
Rannveig Óscarsson
Vilborg P. Guðbjartsdóttir
Þugilbjörg Laumadóttir

Sævar Freyr Kristjánsson
Sorður Alexia Sigurmundsdóttir